



ÁRSSKÝRSLA 2011
Héraðsskjalasafn Árnæsinga

© Héraðsskjalasafn Árneseinga 2012

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi Mátsson og
Sævar Logi Ólafsson.

Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Mátsson.
Prófarkalestur: Jón M. Ívarsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum
héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd er af Ölfusárbrúnum, tekin 1945.
Eldri brúin skemmdist 6. september 1944 en gert
við hana til bráðabirgða. Nýja brúin var opnuð
fyrir bílaumferð 21. desember 1945. Ljósmyndari
Herbert Gränz 2011/21_HG_01068.

Baksíðumynd er frá Skálholti, tekin 1963 þegar
verið var að koma steinkistu Páls Jónssonar biskups
1195–1211 inn í kjallara kirkjunnar. Ljósmyndari
Herbert Gränz 2011/21_HG_00037.

Annáll 2011

Starfsmenn Héraðsskjalasafns Árnesinga höfðu í mörg horn að líta á árinu 2011. Áhersla var lögð á söfnun, innskönnun og skráningu ljósmynda, endurskipulagningu á skjalageymslum safnsins, áframhaldandi þróun verkferla við skjalaskráningu í samræmi við alþjóðlega staðla ISAD-G, ISAAR og ISDIAH auk eftirlits og ráðgjafar með skilaskyldum aðilum. Hefðbundin verkefni s.s. skjalaskráning, afgreiðsla erinda og fyrirspurna auk lána á lestrarsal voru einnig með mesta móti.

Stjórn og starfsmenn

Stjórn héraðsskjalasafnsins skipa Kjartan Björnsson formaður, Sveinn S. Steinarsson varaformaður og Tryggvi Steinarsson ritari. Starfsmenn og fjöldi stöðugilda við safnið hafa aldrei verið fleiri en á árinu. Héraðsskjalavörður og skjalavörður, í fullu starfi, eru Þorsteinn Tryggvi Másson og Sævar Logi Ólafsson. Í tengslum við ljósmyndaverkefni voru fjórir starfsmenn ráðnir til starfa á árinu, þau Gunnar Sigurgeirsson, Sigríður G. Gísladóttir, Hallur Karl Hinriksson og Esther Erla Jónsdóttir.

Starfsemi og aðbúnaður

Skráning fyrirspurna og erinda var með sama hætti á árinu og árið 2010 auk þess sem teknar voru saman upplýsingar um lán á lestrarsal. Þessar upplýsingar eru mikilvægar þegar horft er til þeirrar þjónustu sem skjalasafnið veitir sveitarfélögum innan og utan sýslumarka, ríkistofnunum og ekki síst almenningi. Skráning á skjölum sem lánuð eru á lestrarsal er ekki síður hugsuð sem öryggisatriði, en huga þarf að afritun á þeim skjölum sem eru mikið í notkun. Afritun skjala getur bætt enn frekar aðgengi sveitarfélaga og almennings að skjölum gegnum heimasíður héraðsskjalasafna eða sveitarfélaga.

Fyrirspurnir tengdar lánunum á lestrarsal hafa áhrif á safna-stefnu héraðsskjalasafnsins. En hún markast fyrst og fremst af gildandi lögum um starfsemi opinberra skjalasafna og reglugerð um héraðsskjalasöfn. Meginreglan mun ávalt vera sú að taka við þeim afhendingum sem berast. Átaksverkefni geta svo haft áhrif á hvaða skjalasöfn eru afhent hverju sinni.

Fjöldi gesta á árinu var 1271 og hafa aldrei verið fleiri frá stofnun héraðsskjalasafnsins árið 1985, en þeir voru 840 árið 2010. Þetta er aukning um 34% og ánægjulegt að fylgjast með þeim mikla áhuga sem almenningur sýnir starfsemi skjalasafnsins.



Jón M. Ívarsson
sagnfræðingur við
vinnu sína á lestrar-
sal skjalasafnsins.

Fyrirspurnir og erindi, þ.m.t. lán á sal, voru alls 615, en voru 468 árinu áður, þetta er 24% aukning á milli ára. Afhendingar voru nokkru færri en árið 2010, þ.e. 89 í stað 112. Um fjórðungur allra fyrirspurna og erinda, eða 155, komu frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra auk ríkisstofnana.

Á árinu voru skjöl í vörslu Þjóðskjalasafns Íslands og Héraðsskjalasafns Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga fengin í millisafnaláni og skjöl frá héraðsskjalasafninu send í millisafnalán á Þjóðskjalasafn. Það er nauðsynlegt að gera gestum og eða fræðimönnum kleift að vinna að rannsóknum í heimabyggð. Í þessu sambandi þarf að horfa til menningarhlutverks héraðsskjalasafnanna en rannsóknir fræðimanna renna styrkari stoðum undir þá sérfræðipekkingu sem þegar er til staðar á héraðsskjalasöfnunum. Aðstöðu til rannsókna á skjalasafninu þarf að bæta enn frekar á næstu árum.

Afgreiðslutími skjalasafnsins er óbreyttur frá fyrra ári. Sú hefð hefur þó skapast gegnum árin að tekið er á móti gestum sem koma utan auglýsts opnunartíma. Skjalasafnið var lokað vegna sumarleyfa í tvær vikur í júlí.

Skráningu afhendinga sem skjalasafninu bárust á árinu 2011 var sinnt jafnóðum. Alls bárust 89 afhendingar, samtals 43,46 hillumetrar. Enn á eftir að ljúka skráningu á nokkrum ljósmyndasöfnum sem voru afhent 2011 og þá er verið að skrá skjöl Helga Ívarssonar frá Hólum. Lokið var við að skrá og ganga frá afhendingu Héraðssambandsins Skarphéðins, sem barst 2010, 9,5 hillumetrar, auk þess sem unnið var að skönnun og skráningu á eldri og yngri ljósmyndasöfnum. Ráðist

var í tvö viðamikil sérverkefni, sem voru skráning á skjalasafni Eggerts Claessen, 20 hillumetrar, fyrir fjölskyldu Eggerts og skráningu á skjölum fyrir sýslumannsembættið í Árnessýslu, 11,5 hillumetrar. Bæði þessi skjalasöfn eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands. Alls voru skráðir 72,96 hillumetrar af skjölum.

Tvær afhendingar fengu safnmark 1011/ auk afhendingarnúmers en ekki er vitað hvenær þær bárust safninu. Öll skráning skjala var í samræmi við alþjóðlega staðla ISAD-G og ISAAR, sem eru gefnir út af Alþjóða skjalaráðinu, en þeir taka til skjalaskráningar, upplýsinga um skjalamyndara og hverja afhendingu sem settar eru fram í greinargerð með afhendingunni. Skráning skjalasafna var að mestu í höndum Sævars Loga Ólafssonar.

Skipulag í skjalageymslum safnsins og frágangur á afhendingum var endurskoðað þ.m.t. áður nefndra staðla. Sú vinna hófst síðla sumars og stóð fram í desember en



Hluti af skjalasafni Eggerts Claessen sem skráð var á héraðsskjalasafninu.

þá var búið endurraða og tengja saman afhendingar frá árunum 1990 fram til 2011. Meginmarkmið endurskipulagningar á skjalageymslum er að fá fyllra yfirlit en áður yfir safnkostinn í heild sinni, fjölda afhendinga o.s.frv. Á fyrstu árum skjalasafnsins var aðfangabókin handfærð, en frá 1990 var farið að færa afhendingar inn í Filemaker skrá. Afhendinganúmer stemma ekki alltaf við þær afhendingar sem búið er að skrá í skjalaskrár.



Sævar Logi Ólafsson skjalavörður við skráningu.

Í sumum tilfellum hafa afhendingar verið settar saman undir eitt afhendingarnúmer en ISAD-G og ISAAR gera kröfu um að afhendingar fái einkvæmt númer. Þessi vinna gaf okkur auk þess fyllra yfirlit en áður yfir eldri óskráðar afhendingar. Þessari vinnu lýkur á árinu 2012.

Starfsmenn héraðsskjalasafna og Þjóðskjalasafns Íslands hafa um langt árabil rætt um sameiginlegan skjalaskrárgrunn. Á Þjóðskjalasafninu var unnið að útfærslu á slíkum grunni og kom héraðsskjalasafnið að þeirri vinnu haustið 2011. Skjalaskrár frá héraðsskjalasafninu voru þá settar í grunninn, villuprófaðar og settar á lokað netsvæði. Grunnurinn er byggður upp samkvæmt áðurnefndum stöðlum um skjalaskráningu, skjalamyndara og skjalavörslustofnanir. Vinna starfsmanna Þjóðskjalasafns lofar góðu og nú er unnið að því að bæta notendaviðmót m.t.t. leitarbærni, innsláttar o.fl. Mikil vinna er framundan eigi stærstur hluti skjalaskráa að vera aðgengilegar á vefnum. Fjarlægja þarf persónugreinanlegar upplýsingar o.fl. svo hægt sé að birta skjalaskrárnar. Nokkur kostnaður er af þeirri vinnu. Aðkoma héraðsskjalasafnsins að verkefninu tengist þeim verkferlum og aðferðum sem við notum við skráningu, og ljóst að við erum á rétttri leið hvað það varðar.

Átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða um söfnun skjala sóknarnefnda ásamt biskupi Íslands, hr. Karli Sigurbjörnssyni stóð út árið en því lýkur nú á vor mánuðum. Félagið heldur úti heimasíðunni www.beradsskjalasafn.is en þar má finna ýmsan fróðleik um héraðsskjalasöfnin, tilgang skjalavörslu, skjalavörslu sveitarfélaga, einstaklinga og félaga o.fl. Félag héraðsskjalavarða rennir þannig styrkari stöðum undir þekkingu og fagvitund starfsmanna skjalasafnanna.

Þorsteinn Tryggvi skrifaði tvær greinar í *Nordisk Arkivnyt*, tímarit norrænu þjóðskjalasafnanna, báðar um ljósmyndaverkefni héraðsskjalasafnanna á Sauðárkróki, Egilsstöðum og á Selfossi.



Skólastjórnendur og þátttakendur á námskeiði um skjalavörslu grunnskóla sem haldið var á Selfossi.

Eftirlit og ráðgjöf

Bréfalykill fyrir Flóahrepp var samþykktur 2010. Í byrjun árs var fundað með sveitarstjórum og starfsmönnum á sveitarstjórnarskrifstofum í uppsveitunum þar sem rætt var um gerð bréfalykla, og í framhaldinu voru útbúin drög í samræmi við kröfur Þjóðskjalasafns Íslands þar um. Á vormánuðum 2011 voru bréfalyklar fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp samþykktir. Unnið var að gerð bréfalykla fyrir Bláskógabyggð, Hveragerðisbæ, og Sveitarfélagið Ölfus en gerð bréfalykils fyrir Sveitarfélagið Árborg var samvinnuverkefni skjalastjóra sveitarfélagsins og skjalasafnsins. Þessi fjögur síðastnefndu sveitarfélög eru nú með drög að bréfalyklum á borði sveitarstjóra. Stefnt er að því að allar sveitarstjórnarskrifstofur séu með samþykktu bréfalykla fyrir árslok 2012. Vinna við gerð skjalavistunaráætlana er hafin fyrir tvö sveitarfélög. Þá voru skráðar nokkrar stórar afhendingar frá sveitarfélögum í sýslunni.

Skjalavarsla leik- og grunnskóla var líka í brennidepli á árinu. Líflæg umræða spannst um skjalavörslu grunnskóla í kjölfarið á ráðstefnu sem Félag héraðsskjalavarda á Íslandi hélt um mitt ár 2010. Borgarskjalasafn Reykjavíkur og Menntasvið Reykjavíkurborgar unnu á þessum tíma að gerð skjalavistunaráætlunar fyrir grunnskóla borgarinnar. Þetta var kveikjan að námskeiðum fyrir skólastjórnendur og starfsmenn grunnskóla um skjalavörslu sem haldin voru í ágúst og október. Yfir 140 þátttakendur sóttu námskeiðin. Óhætt er að fullyrða að vel hafi tekist til og margir skólar hafa þegar verið í sambandi við starfsmenn skjalasafnsins vegna þessa. Nokkrir skólar hafa verið heimsóttir og verið er að leggja drög að skjalavistunaráætlunum fyrir alla grunnskóla innan sýslunnar.



Gestir á opnun ljósmyndasýningarinnar *Úr kössum og koffortum* á Listasafni Árnesinga. Í forgrunni eru kassar, koffort, áldósir o.fl. sem ljósmyndirnar voru í þegar þær voru afhentar á skjalasafnið.

Sýningar

Skjalasafnið tók þátt í fjölda sýninga á árinu. Þann 12. mars opnaði skjalasafnið ljósmyndasýninguna *Úr kössum og koffortum* í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Á sýningunni gat að líta ljósmyndir teknar í Hveragerði, Þorlákshöfn, í Ölfusinu og allt vestur til Kolviðarhóls, í flestum tilfellum af heimamönnum, á árunum 1930 til 1990. Myndirnar sýna m.a. þær miklu breytingar sem orðið hafa í Hveragerði og Þorlákshöfn síðustu áratugi. Þá voru sýndar kvikmyndir tengdar Fagrahvammi. Sævar Logi Ólafsson og Gunnar Sigurgeirsson völdu myndir og sáu um hönnun sýningarinnar. Af viðbrögðum sýningargesta er óhætt að fullyrða að vel tókst til. Tvisvar sinnum var gestum boðið upp á sýningarspjall þar sem Þorsteinn Tryggvi kynnti ljósmyndarana og ræddi um myndirnar. Vonandi verður framhald á þessu samstarfi héraðsskjalasafnsins og Listasafns Árnesinga.

Á Vori í Árborg var gestum boðið að greina fólk á ljósmyndum og á Safnahelginni á Suðurlandi, sem haldin er í nóvember, var sami háttur hafður á og gestum boðið að skoða myndir í vörslu safnsins og leggja okkur lið við skráningu. Fjöldi gesta kom á skjalasafnið í bæði skiptin og um 200 nöfn á einstaklingum bárust sem auðvelda skráningu á ljósmyndum.

Jöfnum höndum voru ljósmyndir settar út á heimasíðu félags héraðsskjalavarða og á Facebook síðu skjalasafnsins ýmist til að vekja athygli á afhendingum sem skjalasafninu bárust á árinu eða til að auðvelda skráningu ljósmynda. Mikilvægt er að nýta þekkingu þeirra fjölmörgun gesta sem koma til okkar og fá þá til að aðstoða við greiningu á ljósmyndum. Venju samkvæmt lagði skjalasafnið til efni á vef Norræna skjaladagsins www.skjaladagur.is. Þemað að þessu sinni var verslun og viðskipti.

Mynd úr safni Daniels Ágústínussonar sem Erlendur Danielsson afhenti. Myndin er tekin á Landsmóti UMFÍ í Hveragerði 1949 af fimleikaflokki Hugvins frá Seyðisfirði.



Aðventusýning hófst svo 1. desember þar sem rúmlega 300 ljósmyndir voru til sýnis á 3 x 2 metra tjaldi. Þarna var sýnt brot af þeim mikla fjölda mynda sem afhentar voru á skjalasafnið á árinu t.d. ljósmyndir Daniels Ágústínussonar, Ellu dönsku, Herberts Gränz, Jóhanns Þórs Sigurbergssonar, Gunnars Gränz Sigurðar Jónssonar og Tómasar Jónssonar auk mynda úr eldri afhendingum. Sýningin er úti-sýning þar sem gestir og gangandi geta skoðað myndir á leið sinni fram hjá húsakynnum skjalasafnsins í gamla verslunarhúsi Kaupfélags Árnesinga.

Þá lagði skjalasafnið til ljósmyndir á fjölda sýninga bæði innan og utan héraðs.

Námskeið og fundir

Starfsmenn héraðsskjalasafnsins sóttu fjölda námskeiða og funda á árinu, auk þess að koma að skipulagningu námskeiða og fræðslu með ýmsum hætti.

Horft til framtíðar – varðveisla og aðgengi upplýsinga var yfyrskrift ráðstefnu sem Þjóðskjalasafns Íslands hélt, í samstarfi við Félag um skjalastjórn, 25. mars. Kirsten Villadsen Kristmar, sviðstjóri varðveisl- og grisjunarsviðs Ríkisskjalasafns Danmerkur, flutti erindi þar sem hún bar saman lagaumhverfi beggja landa og aðstæður til að takast á við langtímarvarðveislu rafrænna skjala.

Nordisk El-Arkivseminar var haldið á Selfossi 25. - 27. maí. Héraðsskjalavörður var gestur á ráðstefnunni. Þar var farið yfir stöðu rafrænnar skjalavörslu á Norðurlöndunum en þátttakendur voru starfsmenn ríkisskjalasafna Norðurlandanna auk Þjóðskjalasafns Íslands. Rætt var um gerð vörsluútgáfa á rafrænum skjölum, kröfur skjalavörslustofnana, hugbúnaðarþróun, villuprófun, aðgengi og leitarbærni, langtímarvarðveislu rafrænna skjala, kostnað o.fl. Fylgjast þarf vel með þróun rafrænnar skjalavörslu á næstu árum og mikilvægt að sú forvinna sem þegar er hafin hér í héraði sé vel úr garði gerð. Þá verður að horfa til kostnaðar og stærðar sveitarfélaganna og meta með hvaða hætti skjalavörslu þeirra sé best borgið. Héraðsskjalaverðir hafa rætt um mögulegt samstarf héraðsskjalasafna í þessu sambandi.

Í tilefni af Alþjóðlega skjaladeginum 9. júní hélt Félag héraðsskjalavarda námskeið fyrir starfsmenn héraðsskjalasafna um öryggismál í Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður og Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður



Pátttakendur á Vestnorrænu skjaladögum í Gjógv.

vörður Kópavogs fjölluðu um öryggis- og rýmingaráætlanir og fleiri þætti er snerta öryggismál skjalasafna. Eyþór Víðisson hjá VSI öryggishönnun fjallaði um forvarnir og viðbrögð við eldsvoða á skjalasöfnum. Námskeiðinu lauk með fræðslu og æfingu í beitingu slökkvitækja á hafnarbakkanum í Reykjavík.

Félag héraðsskjalavarða hélt fræðslufundi um skjalavörslu grunnskóla 24. ágúst og 12. október. Fundirnir voru haldnir í húsakynnum Háskólafélags Suðurlands á Selfossi í gegnum fjarfundabúnað en um 140 manns sóttu fundina. Pátttakendur voru skólastjórar, starfsmenn grunnskóla og sveitarfélaga, skjalastjórar auk starfsmanna héraðsskjalasafnanna sem staddir voru á Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík Egilsstöðum, Höfn, Vestmannaeyjum og á Selfossi. Á fundinum var fjallað um: Lög og reglugerðir er varða skjalahald grunnskóla og upplýsingarétt, skjalavistunaráætlun grunnskólanna í Reykjavík, leiðbeiningar um skjalavörslu og skráningarkerfi, frágang skjala og afhendingar til héraðsskjalasafna auk vinnuáætlunar og eftirfylgni. Það er mikilvægt fyrir héraðsskjalasöfnin að geta sameinað krafta sína þegar kemur að leiðbeiningum um skjalavörslu í stofnunum sveitarfélaga og ljóst að framhald verður á þessari vinnu félagsins.

Skjalaverðir frá Færeyjum, Danmörku, Grænlandi og Íslandi báru saman bækur sínar á fimmta vestnorræna skjalabpinginu sem að þessu sinni var haldið í Gjógv á Austureyri í Færeyjum dagana 29. ágúst til 2. september. Vestnorræna skjalabpingið er haldið reglulega þriðja hvert ár og skiptast löndin á að skipuleggja og halda þingið. Þorsteinn Tryggvi flutti erindi um eftirlit og ráðgjöf opinberra skjalavörslustofnana með skilaskyldum aðilum, en meginþemu ráðstefnunar voru menntun og fræðsla í skjalavörslu, varðveisla og aðgengi að rafrænum skjölum, eftirlit og ráðgjöf auk rannsókna á skjalasöfnum. Þemu voru valin m.t.t. þeirra verkefna sem starfsmenn safnanna glíma við. Þorsteinn Tryggvi og Sævar Logi voru báðir pátttakendur á

Starfsmenn
héraðsskjala-
safna á góðri
stund í tröpp-
um Höfða.



þinginu auk starfsmanna frá fjórum öðrum héraðsskjala-
söfnum. Landskjallasafnið í Fæ-
reyjum á hrós skilið fyrir
skipulagningu þingsins og
þá fagmennsku sem ein-
kenndi dagskrána. Um gest-
risni frænda okkar í Færeyjum
þarf ekki að fjölyrða, hún var
einstök. Enginn kostnaður féll á
skjallasafnið.

10. - 11. nóvember stóð Félag
héraðsskjalavarða fyrir ráðstefnu
fyrir starfsmenn héraðsskjala-
safna sem var haldin í húsakyn-
num Reykjavíkurborgar, Höfða-
torgi. Fyrri daginn var m.a.
fjallað um skjalavörslu grunn-
skóla, lagaumhverfi, persónu-
möppur, Mentor, eldri skjöl
grunnskóla, útprentun skjala úr
tölvukerfum sem eru vistuð
utan skólanna og eignarhald og

varðveislu opinberra skjala í slíkum kerfum. Málstofunum var ætlað að gera starfs-
menn safnanna betur í stakk búna til að leiðbeina skólastjórnendum og starfs-
mönnum skólanna um skjalavörslu, sinna eftirliti og tryggja að eldri skjöl skólanna
séu afhent til skjallasafna. Þá var fjallað um fundagerðir ráða og nefnda á vegum
sveitarfélaga, fyrirmæli í lögum um aðgang að skjölum, en mikilvægt er að
almenningur sé upplýstur um rétt sinn til skjala.

Seinni daginn var fjallað um skjalaskráningarkerfi, skönnun og skráningu ljósmynda
á héraðsskjalasöfnunum og borin saman aðferðafræði nokkurra safna. Þorsteinn
Tryggvi og Sævar Logi fjölluðu um notkun staðla við skjalaskráningu, skýrslugerð
með skjallasöfnum og aðfangabækur en skjallasöfnunum er skylt að halda aðfanga-
bækur. Þá var einnig fjallað um ábyrgð skjalavörslu og valdmörk, hirsur og geymslur
undir skjöl í stofnunum, lögfræðiaðstoð og aðstoð við frágang á eldri skjallasöfnum.
Settur þjóðskjalavörður, Eiríkur G. Guðmundsson, var gestur á ráðstefnunni
og fjallaði m.a. um húsnæðismál héraðsskjallasafna og Þjóðskjallasafns og mögu-
leika héraðsskjallasafna til að standa undir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar.
Óhætt er að fullyrða að vel hafi tekist til og er ætlunin að endurtaka leikinn að ári en
þá utan höfuðborgarsvæðisins. Aðalfundur Félags héraðsskjalavarða var haldinn 11.
nóvember. Þorsteinn Tryggvi situr í stjórn félagsins.

21. nóvember sóttu starfsmenn héraðsskjalasafnsins fræðslufund á vegum Ljósmyndasafns Íslands og Ljósmyndasafns Reykjavíkur í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns. Karen Brynjolf Pedersen forvörður við danska Þjóðminjasafnið flutti fyrirlestur um forvörsluáætlanir fyrir ljósmyndasöfn. Þátttakendur sem komu frá á þriðja tug safna, þar af sex héraðsskjalasöfnum, fengu síðan tækifæri til að vinna að gerð varðveisluaætlana fyrir sín söfn. Fjögur verkefni voru að auki kynnt, m.a. fjallaði Unnar Ingvarsson héraðsskjalavörður um sameiginlegt ljósmyndaverkefni héraðsskjalasafnanna á Sauðárkróki, Egilsstöðum og Selfossi. Þá var rætt um höfundarétt og aðferðir við skráningu og leit í gagnabönkum. Ljóst er að margt brennur á safnafólki þegar horft er til ljósmyndasafna hvort sem það er á minja- eða skjalasöfnum.

Boðað var til forstöðumannafundar 5. desember á Þjóðskjalasafni Íslands. Á fundinum var m.a. rætt um heimsóknir Þjóðskjalasafns til héraðsskjalasafna, stöðu rafrænnar skjalavörslu, eftirlit og langtíma vörslu rafrænna gagna – stöðu og framtíð. Fram kom að tölur um kostnað vegna ýmissa þátta langtíma vörslu rafrænna skjala eru enn ekki ljósar. Þá er nauðsynlegri undirbúningsvinnu bæði hjá ríki og sveitarfélögum hvergi nærri lokið þó margt hafi þokast í rétta átt á síðustu árum. Af máli héraðsskjalavarða er ljóst að enn mun líða nokkur tími þar til sveitarfélög skili rafrænum skjölum.

Skjalaskrárgrunnur Þjóðskjalasafns var kynntur sem og möguleg aðkoma héraðsskjalasafna að grunninum. Sú umræða einkenndist af þátttöku skjalasafnanna í kostnaði vegna reksturs og viðhalds á skjalaskrárgrunninum. Í þessu sambandi er vert að benda á að framlag ríkisins til héraðsskjalasafnanna var skorð niður um 50% árið 2010. Það er mikilvægt að þetta verkefni strandi ekki á kröfum um sértekjur af hálfu Þjóðskjalasafns. Þá má ekki gleyma að nokkur kostnaður fylgir því að gera skjalaskrárnar þannig úr garði að hægt sé að birta þær á vefnum. Sá kostnaður fellur á viðkomandi skjalavörslustofnun á hverjum stað.

Þorsteinn Tryggvi fjallaði um varðveislu og miðlun ljósmynda, Svanhildur Bogadóttir ræddi um möguleika á sameiginlegri stefnumótun opinberu skjalasafnanna. Eiríkur Þorláksson sérfræðingur hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu kynnti endurskoðuð drög að frumvarpi til laga um opinber skjalasöfn. Drögin voru á sínum tíma send héraðsskjalavörðum til umsagnar. Héraðsskjalavörður sendi ásamt héraðsskjalaverði Kópavogs, sameigilegar athugasemdir við drögin og þá sendu allir héraðsskjalaverðir sameiginlega athugasemdir til ráðuneytisins. Þar kom fram að drögin þurfi endurskoðunar við. Sjálfstæði sveitarfélaga er ekki virt, ekki fjallað markvisst um stjórnábylgju stöðu héraðsskjalasafnanna, stjórnarnefnd Þjóðskjalasafnsins afnumin auk þess sem gagnrýnt var hversu langt var gengið í eftirlitsheimildum Þjóðskjalasafns með héraðsskjalasöfnum. Þær eru án hliðstæðu um stofnanir sveitarfélaga gagnvart ríkisstofnun.

Þá flutti Þorsteinn Tryggvi fjölda erinda hjá ýmsum félagasamtökum víða í sýslunni þar sem starfsemi safnsins og ljósmyndaverkefnið voru kynnt.

Ljósmyndaverkefni

Héraðsskjalasafn Árnesinga og héraðsskjalasöfnin á Egilsstöðum og á Sauðárkróki fengu úthlutað 13,500.000 krónum á fjárlögum til atvinnuskapandi verkefnis við skönnun og skráningu á ljósmyndum á árinu. En undirbúningur að verkefninu hófst á haustmánuðum 2010. Fjórir starfsmenn voru ráðnir til skjalasafnsins í tengslum við verkefnið í tvö stöðugildi. Á skjalasöfnunum þremur var gert ráð fyrir sex stöðugildum í tengslum við verkefnið. Sveitarfélagið Árborg og Menningarráð Suðurlands styrktu verkefnið líka myndarlega og eiga þakkir skyldar. Þessum hluta verkefnisins lýkur á fyrsta ársfjórðungi 2012. Forstöðumenn skjalasafnanna þriggja sóttu aftur um styrk til Alþingis og veitti Mennta- og menningarmálaráðuneyti 15.000.000 til verkefnisins fyrir árið 2012.

Í upphafi verkefnisins var ákveðið að samræma verkferla á skjalasöfnunum þremur. Myndir eru skannaðar inn í 300 punkta upplausn í stærðinni 210 x 297 mm (A4). Skráarformið er TIFF og eru allar myndir varðveittar á því formi. TIFF er

kerfisóháð skráarform og þjappar ekki myndum sbr. JPEG eða JPEG – 2000. Fest voru kaup á sérstökum filmuskanna Nikon Super coolscan 5000 ed. Gæði skönnunar á filmum og slidesfilmum eru fyrir bragðið betri og afköst meiri. Verkferlar vegna skráningar á ljósmyndum voru samræmdir með ýmsum hætti. Skjalasöfnin festu kaup á Fotostation hugbúnaði til skráningar á



Mjólkurfræðingar MS Selfossi áður Mjólkurbúi Flóamanna ásamt Halli Karli Hinriksyni við skráningu á ljósmyndum mjólkurbúsins.

ljósmyndum. Haldnir voru samráðsfundir þar sem farið var yfir hvaða upplýsingar ættu að koma fram við skráningu og skráningarviðmót samræmt eins og kostur var. Þær upplýsingar sem koma fram í skráningu eru m.a. safnmark, heiti ljósmyndara, myndatexti með upplýsingum um myndefni, fæðingar- og dánarár og ítarupplýsingar þegar við á, tímasetning myndar, heimildarmaður, heimild, skrásetjari o.s.frv. Auk þess eru settar inn upplýsingar um stað, sveitarfélag og sýslu, tegund myndar auk leitarorða o.fl. Horft er sérstaklega til leitar í ljósmyndasöfnunum þegar verið er að skrá myndirnar, en leitinn þarf bæði að vera skilvirk og fljótleg. Áhugi á ljósmyndum er mikill ef marka má viðbrögð heimafélks vegna verkefnisins. En fjöldi fólks hefur lagt skjalasafninu lið við skráningu. Nokkrir ljósmyndaranna hafa sjálfir haft tök á því að skrá myndir og þá hafa allir þeir sem við höfum

leitað til vegna skráningar verið boðnir og búnir að aðstoða okkur. Skráningarhluti ljósmyndaverkefnisins er annarsvegar heimildavinna, hinsvegar samvinnuverkefni almennings, þeirra sem best þekkja til og starfsmanna skjalasafnsins. Ljósmyndaverkefnið hefur, að okkar mati, aukið skilning fólks á hlutverki skjalasafna og þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Fjöldi skannaðra mynda skv. fyrrgreindum kröfum voru í árslok 24.594 en skráðar ljósmyndir voru 13.268. Óskannaðar myndir eru milli 90.000 og 100.000. Björn Pálsson fyrrverandi héraðsskjalavörður áætlaði að um 50.000 ljósmyndir væru í vörslu skjalasafnsins árið 2008. Verkefnið hefur mikið upplýsingagildi fyrir bæði almenning og fræðimenn og mun tryggja betri varð-

veislu menningarverðmæta innan umdæma þessara þriggja héraðsskjalasafna og víðar, því ljósmyndir sem afhentar hafa verið á skjalasöfnin koma víðar að. Ljóst er að mikil vinna er framundan ef takast á að skrá og skanna inn allar þessar ljósmyndir.

Mikið hefur verið rætt um aðgengi almennings og sveitarfélaga að ljósmyndum. Ætlunin er að opna sérstaka vefsíðu í lok ársins, www.myndasetursudurlands.is en ljósmyndir í vörslu skjalasafnsins verða gerðar aðgengilegar þar. Um er að ræða gerbreytingu á aðgengi almennings að ljósmyndum af Suðurlandi og víðar.

Stofnbúnaður og tæknimál

Stofnbúnaður skjalasafnsins tók stakkaskiptum á árinu. Meginástæður þess eru annarsvegar ljósmyndaverkefni og fjölgun starfsmanna því tengdu, hinsvegar kallaði endurnýjun á hugbúnaði einnig á endurnýjun á eldri tölvum skjalasafnsins.

Fest voru kaup á sérstökum filmuskanna af Nikon gerð til að skanna inn 35 mm filmur og slides og þá var tölvum vegna skráningar á ljósmyndum fjölgað. Sérstakur hugbúnaður, FotoStation var keyptur til skráningar á ljósmyndum. Þá var tölva til skráningar á skjalasöfnum eining endurnýjuð.

Unnið var að því að tryggja enn frekar rafræn skjöl safnsins og ljósmyndir á rafrænu formi en afrit allra rafrænna skjala verður bæði vistuð í eldvörðum geymslum safnsins og utan þess. Þetta er samvinnuverkefni með Sveitarfélaginu Árborg. Vert er að benda á að allar skjalaskrár ásamt meðfylgjandi greinargerðum, aðfangabók, bréfasafn o.fl. er prentað út og varðveitt á pappír.



Gunnar Sigurgeirsson
Ljósmyndari for-
skoðar filmur frá
Tómasi Jónssyni.

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árneseinga 2011

Rekstrartekjur safnsins voru 14.023.393 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 14.698.074 kr. Rekstrartap ársins var 641.459. Arfur Helga Ívarssonar skilar 171.792 kr. hagnaði.

	2011 SKJALASAFN	2011 ARFUR	REKSTUR SAMTALS
<i>Rekstrartekjur:</i>			
HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA	12.800.000		12.800.000
RÍKISSJÓÐUR ÍSLANDS	5.006.667		5.006.667
SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG	688.866		688.866
MENNINGARRÁÐ SUÐURLANDS	350.000		350.000
FYRIRFR. INNB. LJÓSMYNDAV.	(1.750.000)		(1.750.000)
SELD ÞJÓNUSTA/HÚSALEIGA	1.810.281	465.000	2.275.281
SAMTALS	18.905.814	465.000	19.370.814

Rekstrargjöld:

LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD	15.794.495		15.794.495
FÆRT MILLI DEILDA	(250.125)	250.125	0
ANNAR REKSTRARKOSTN.	2.909.824	268.885	3.178.709
STOFNBÚNAÐUR	1.233.009	0	1.233.009
AFSKRIFTIR		290.625	290.635
SAMTALS	19.687.203	809.635	20.496.838

Rekstrar- (tap), hagnaður fyrir fjármagnsliði

	(781.389)	(344.635)	(1.126.024)
--	-----------	-----------	-------------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

VAXTATEKJUR	18.398	927.222	945.620
VAXTA OG FÆRSLUGJÖLD	(9.306)	0	(9.306)
SAMTALS	9.092	927.222	936.314
(TAP) HAGNAÐUR	(772.297)	582.587	(189.710)

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árneseinga 2011



Eygló Þórbjardóttir, Óskar H. Ólafsson, Rannveig Pálsdóttir, Margrét S. Gunnarsdóttir og Steinar Matthíasson afhentu skjöl Lindarfélagsins á Laugarvatni á héraðsskjalasafnið.

Fremst í skránni er afhendingarnúmer hverrar afhendingar. Þá fylgir heiti skjalasafns, umfang í hillumetrum og nafn þess sem afhenti. Fullunnar skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal skjalasafnsins. Aðgangur að opinberum skjölum er skv. upplýsinga-, persónuverndar-, og stjórnsýslulögum nema annað gildi en við afhendingu einkaskjalasafna er hægt að semja um aðgengi.

- 2011/1 EIRÍKUR EINARSSON FRÁ HÆLI. 0,05 hillumetrar – Gestur Hjaltason afhenti.
- 2011/2 STÚDENTAFÉLAG SUÐURLANDS. 0,05 hillumetrar – Helgi Bjarnason afhenti.
- 2011/3 SR. ÓSKAR ÞORLÁKSSON. 0,05 hillumetrar – Heiðís Gunnarsdóttir afhenti.
- 2011/4 HELGI ÍVARSSON FRÁ HÓLUM. 11,5 hillumetrar – Dánarþú Helga Ívarssonar afhenti.
- 2011/5 MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON. Úrval sunnlenskra sjónvarpsfréttu 0,03 hillumetrar – Magnús Hlynur Hreiðarsson afhenti.
- 2011/6 INGUNN VALTÝSDÓTTIR OG FORELDRAR. 1,15 hillumetrar – Ingunn Valtýsdóttir afhenti.

- 2011/7 SELFOS, SVIPMYNDIR Í 100 ÁR OG 100 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI ÖLUFÁRBRÚAR. 0,03 hillumetrar – Bókasafn sveitarfélagsins Árborgar afhenti.
- 2011/8 STEFÁN JASONARSON. 0,45 hillumetrar – Kristín Stefánsdóttir Hurðarbaki afhenti.
- 2011/9 HREPPSTJÓRINN Í GAULVERJABÆJARHREPPI. 0,05 hillumetrar – Kristín Stefánsdóttir Hurðarbaki afhenti.
- 2011/10 KVENFÉLAG GAULVERJABÆJARHREPPS. 0,03 hillumetrar – Margrét Jónsdóttir, Syðra Velli afhenti.
- 2011/11 LINDARFÉLAGIÐ Á LAUGARVATNI. 0,15 hillumetrar – Lindarfélagið á Laugarvatni afhenti.
- 2011/12 GUNNAR GRÄNZ LJÓSMYNDIR. 0,2 hillumetrar – Gunnar Gränz afhenti.
- 2011/13 ÁRNI SVERRIR ERLINGSSON – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2011/14 TÓMAS JÓNSSON – LJÓSMYNDIR. 0,25 hillumetrar – Tómas Jónsson afhenti.
- 2011/15 SAMEIGNIR SKÓLANNA Á LAUGARVATNI. 0,7 hillumetrar – Óskar H. Ólafsson og Margrét Gunnarsdóttir afhentu.
- 2011/16 FLÖSKUSKEYTI FRÁ EYRARBAKKA. 0,03 hillumetrar – Arnar Pétur Hauksson og Einar Jón Jónsson afhentu.

- 2011/17 HÉRADSSAMBANDID SKARPHÉDINN. 0,05 hillumetrar – Engilbert Olgeirsson afhenti.
- 2011/18 BJÖRN INGI GÍSLASON OG TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA. 0,05 hillumetrar – Björn Ingi Gíslason afhenti.
- 2011/19 LEIKSKÓLINN ÁSHEIMAR – LJÓSMYNDIR. 2,0 hillumetrar – Lýður Pálsson afhenti.
- 2011/20 GÍSLI SIGURÐSSON. 0,03 hillumetrar – Gíslí Sigurðsson afhenti.
- 2011/21 HERBERT GRÄNZ. 1,2 hillumetrar – Eygló og Emelía Gränz afhentu.
- 2011/22 BÖÐVAR MAGNÚSSON LAUGARVATNI. 0,25 hillumetrar – Guðmundur Rafnar Valtýsson afhenti.
- 2011/23 MINNINGARSJÓÐUR JÓHÖNNU SIGURJÓNSDÓTTUR FRÁ STÓRA-SAURBÆ Í ÖLFUSI. 0,06 hillumetrar – Helga Baldursdóttir afhenti.
- 2011/24 HJALTI GESTSSON FRÁ HÆLI. 1,1 hillumetri – Margrét Hjaltadóttir og Kristján H. Guðmundsson afhentu.
- 2011/25 VEIDIFÉLAG ÁRNESINGA, STÓRU-LAXÁRDEILD. 0,03 hillumetrar – Sigurður Björgvinsson Skarði afhenti.
- 2011/26 FÉLAG RAFVERKTAKA Á SUÐURLANDI. 0,03 hillumetrar – Guðjón Pálsson afhenti.
- 2011/27 PÓSTUR OG SÍMI, SELFOSSI OG HVERAGERÐI. 0,05 hillumetrar – Olgeir J. Jónsson afhenti.
- 2011/28 HILMAR BJÖRNSSON, HÚSASMÍÐA-MEISTARI – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Hilmar Björnsson afhenti.
- 2011/29 KAUPFÉLAG ÁRNESINGA. 0,1 hillumetri – Leifur Guðmundsson afhenti.
- 2011/30 ELLINOR KJARTANSSON Í SELI. 2,75 hillumetrar – Skúli Kristinsson, Seli II afhenti.
- 2011/31 ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFA STÉTTARFÉLAGA Á SUÐURLANDI. 0,03 hillumetrar – Þjónustuskrifstofa stéttarféлага á Suðurlandi, Þór Hreinsson afhenti.
- 2011/32 SKÁTAFÉLAGIÐ STRÓKUR, HVERAGERÐI. 0,03 hillumetrar – Þór Hreinsson afhenti.
- 2011/33 SUNDLAUGIN LAUGARSKARDI – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Hveragerðisbær, Aldís Hafsteinsdóttir afhenti.
- 2011/34 ÞORFINNUR TÓMASSON ÖKUKENNARI – LJÓSMYNDIR. 0,11 hillumetrar – Hjördís Þorfinnsdóttir afhenti.
- 2011/35 DANÍEL ÁGÚSTÍNUSSON – LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Erlendur Daníelsson afhenti.
- 2011/36 UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ ÁRBORGAR. 0,08 hillumetrar – Upplýsingamiðstöð Árborgar afhenti.
- 2011/37 UNGMENNAFÉLAG SELFOSS, BJÖRN INGI GÍSLASON. 0,03 hillumetrar – Björn Ingi Gíslason afhenti.
- 2011/38 VALDIMAR BJARNASON, ÖLVISHOLTI. 0,05 hillumetrar – Karl Eiríksson afhenti.
- 2011/39 JÓHANN ÞÓR SIGURBERGSSON – LJÓSMYNDIR. 0,06 hillumetrar – Jóhann Þór Sigurbergsson afhenti.
- 2011/40 UNGMENNAFÉLAG SELFOSS, FRJÁLSÍÐRÓTTAÐEILD, GRÝLUPOTTAHLAUP. 0,05 hillumetrar – Guðmundur Kr. Jónsson afhenti.
- 2011/41 LÍFEYRISSJÓÐUR SUÐURLANDS. 0,35 hillumetrar – Lífeyrissjóður Suðurlands afhenti.
- 2011/42 BRAGI, UNGMENNAFÉLAG SELFOSS. 0,03 hillumetrar – Afmælisnefnd Ungmennafélags Selfoss, Kristinn M. Bárðarson afhenti.
- 2011/43 VALLASKÓLI. 1,25 hillumetrar – Vallaskóli, Guðrún Þ. Jónsdóttir afhenti.
- 2011/44 SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG. 5,0 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg afhenti.
- 2011/45 STOKKSEYRARHREPPUR. 1,0 hillumetri – Sveitarfélagið Árborg afhenti.
- 2011/46 SÓKNARNEFND EYRABAKKASÓKNAR. 0,3 hillumetrar – Sr. Sveinn Valgeirsson afhenti.
- 2011/47 HRAUNGERDISKIRKJA. 0,06 hillumetrar – Hafsteinn Stefánsson afhenti.
- 2011/48 SKÓLASKRIFSTOFA SUÐURLANDS. 0,52 hillumetrar – Skólaskrifstofa Suðurlands, Kristín Hreinsdóttir afhenti.
- 2011/49 BÓKASAFN SVEITARFÉLAGSINS ÁRBORGAR. 0,1 hillumetri – Bókasafn sveitarfélagsins Árborgar afhenti.
- 2011/50 EINAR GUÐMUNDSSON, TÚNI. 0,06 hillumetrar – Svavar Sigmundsson afhenti.
- 2011/51 ÁLFSSTADIR Á SKEIÐUM. 0,36 hillumetrar – Hildur Guðmundsdóttir afhenti.
- 2011/52 SANDVÍKURSKÓLI, SÉRKENNSLUGÖGN. 0,08 hillumetrar – Vallaskóli, Guðrún Þ. Jónsdóttir afhenti.
- 2011/53 ÁRNI SVERRIR ERLINGSSON, HÚSAGERÐASAGA SUÐURLANDS. 0,03 hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.

- 2011/54 MJÓLKURBÚ FLÓAMANNA –
LJÓSMYNDIR. 0,2 hillumetrar – MS Selfossi,
Guðmundur Geir Gunnarsson afhenti.
- 2011/55 KÖRFUKNATTLEIKSLIÐ HSK –
LJÓSMYND. 0,01 hillumetrar – Kjartan
Björnsson afhenti.
- 2011/56 UNGMENNAFÉLAGIÐ VAKA,
VILLINGAHOLTSHREPPI. 0,16 hillumetrar –
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir afhenti.
- 2011/57 ÓLAFUR ÓLAFSSON FRÁ SYÐRA VELLI
– LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Sigurður
Ólafsson afhenti.
- 2011/58 BLÁSKÓGABYGGÐ. 2,3 hillumetrar –
Bláskógabyggð afhenti.
- 2011/59 SVANUR JÓHANNESSON OG FÉLAG
ELDRI BORGARA Í HVERAGERÐI. 0,03
hillumetrar – Svanur Jóhannesson afhenti.
- 2011/60 CARL JÓHANN GRÄNZ. 0,17 hillumetrar –
Gunnar Gränz afhenti.
- 2011/61 GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI. 0,78
hillumetrar – Grunnskólinn í Hveragerði
afhenti.
- 2011/62 GUÐJÓN SIGFÚSSON FRÁ EYRARBAKKA.
0,03 hillumetrar – Guðbjörg Guðjónsdóttir
afhenti.
- 2011/63 HESTAMANNAFÉLAGIÐ SMÁRI. 0,58
hillumetrar – Guðni Árnason afhenti.
- 2011/64 LISTA- OG MENNINGARHÁTÍÐ
GRUNNSKÓLANNA Á SUÐURLANDI 1991.
0,05 hillumetrar – Alda Alfreðsdóttir
afhenti.
- 2011/65 UNGMENNAFÉLAGIÐ SAMHYGÐ. 0,32
hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.
- 2011/66 JÓN M. ÍVARSSON, SAGA MBF 1989-2005.
0,48 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.
- 2011/67 BJARNI JÚNÚSSON, SYÐRA-SELLI.
0,46 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.
- 2011/68 LEIKSKÓLINN ÆSKUKOT, STOKKSEYRI.
2,25 hillumetrar – M. Sigríður Jakobs-
dóttir leikskólalastjóri afhenti.
- 2011/69 BYGGÐA- OG LISTASAFN ÁRNESSÝSLU.
0,03 hillumetrar – Bókasafn Árborgar
afhenti.
- 2011/70 ÁRNI ÁRNASON, ODDGEIRSHÓLUM. 0,05
hillumetrar – Árni Oddgeir Guðmundsson
afhenti.
- 2011/71 ÞINGBORGARSKÓLI. 0,15 hillumetrar –
Sigurgeir Hilmar Friðbjósson afhenti.
- 2011/72 VATNSVEITUFÉLAGIÐ FALL. 0,16
hillumetrar – Ingveldur Jónsdóttir
afhenti.
- 2011/73 ÞÓRARINN SIGMUNDSSON,
MJÓLKURFRÆÐINGUR – LJÓSMYNDIR. 0,03
hillumetrar – Kristín Þórarinsdóttir afhenti.
- 2011/74 HESTAMANNAFÉLAGIÐ LOGI. 0,08
hillumetrar – Hólmfríður Ingólfsdóttir
afhenti.
- 2011/75 HROSSARÆKTARTARFÉLAGIÐ GRANI. 0,03
hillumetrar – Hólmfríður Ingólfsdóttir
afhenti.
- 2011/76 SIGURÐUR GUÐMUNDSSON
SÚLUHOLTI. 0,4 hillumetrar – Hjördís Inga
Sigurðardóttir afhenti.
- 2011/77 JÚLÍUS J. DANÍELSSON – LJÓSMYNDIR.
0,03 hillumetrar – Bókasafn Árborgar
afhenti.
- 2011/78 UNGMENNAFÉLAG BISKUPSTUNGNA.
1,06 hillumetrar – Helgi Kjartansson fh.
Ungmennafélags Biskupstungna afhenti.
- 2011/79 BYGGÐA- OG LISTASAFN ÁRNESSÝSLU.
0,03 hillumetrar – Þór Vigfússon afhenti.
- 2011/80 SÍMSKEYTI. 0,03 hillumetrar –
Bókasafn sveitarfélagsins Árborgar afhenti.
- 2011/81 UNGLINGASKÓLINN Í HVERAGERÐI.
0,03 hillumetrar – Heiðís Gunnarsdóttir
afhenti.
- 2011/82 JÓHANN FRÍMANN HELGASON –
LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Jóhann
Frímann Helgason afhenti.
- 2011/83 SAMVINNUTRYGGINGAR, BRUNAEILD
GRAFNINGSHREPPI. 0,08 hillumetrar – Árný
Steingrímsdóttir afhenti.
- 2011/84 PÁLL AUÐAR ÞORLÁKSSON –
LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar – Björn
Pálsson fyrrv. héraðsskjalavörður afhenti.
- 2011/85 FRÉTTABRÉF SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPS. 0,03 hillumetrar –
Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.
- 2011/86 UNGMENNAFÉLAGIÐ HVÖT,
HVATARBLAÐIÐ. 0,03 hillumetrar
– Ungmennafélagið Hvöt, Grímsnesi afhenti.
- 2011/87 ÁVEITAN, FRÉTTABRÉF
UNGMENNAFÉLAGANA BALDURS,
SAMHYGÐAR OG VÖKU Í FLÓAHREPPI. 0,03
hillumetrar – Ungmennafélagin Baldur,
Samhygð og Vaka afhentu.
- 2011/88 HVERAFUGLINN. 0,03 hillumetrar –
Bryndís Sigurðardóttir afhenti.
- 2011/89 HREPPSTJÓRINN Í VILLINGA-
HOLTSHREPPI. 0,4 hillumetrar –
Hjördís Inga Sigurðardóttir
Skyggnisholti afhenti.

Áhorfendur á
landsmóti UMFÍ á
Laugarvatni 3. – 4.
júlí 1965. Einmuna
veðurblíða var
á Laugarvatni
þessa helgi, yfir 20
stiga hiti og logn.
2011/14 TJ 01362.



Lýður Guðmunds-
son og Páll Lýðsson
í Litlu-Sandvík við
Ölfusá þar sem
stundaðar voru
laxveiðar í net.
2011/14 TJ 01118.





Jóhann Þór
Sigurbergsson ljós-
myndari á vespu X -
908 17. júlí 1956 við
Arnberg. 2011/39
JPS 00240.



Mjólkurbú
Flóamanna 10.
september 1955.
Jóhann Þór var
starfsmaður MBF
á þessum tíma og
tók fjölda mynda
af búinu og starfs-
mönnum þess. JPS
2011/39 JPS 00163.

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

Austurvegi 2 • 800 • Sími 482 1259 • Kennitala 630189–2849

heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

Opnunartími

Mánudaga og föstudaga kl. 13:00 - 17:00
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10:00 - 17:00

Stjórn safnsins

Kjartan Björnsson, stjórnarformaður

Sveinn Steinarsson, varaformaður

Tryggvi Steinarsson, ritari

Starfsmenn skjalasafnsins

Posteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður

thorsteinn@beradsskjalasafn.is

Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður

saevar@beradsskjalasafn.is

Hallur Karl Hinriksson, ljósmyndasafn

Esther Erla Jónsdóttir, ljósmyndasafn

